

Efling - stéttarfélag
annars vegar
og Faxaflóahafnir sf.
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

1. Framlenging gildandi kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningar aðila framlengist til og með 30. apríl 2024 með eftirfarandi breytingum.

a. Almenn launahækkun

Hinn 1. september 2023 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1. í kjarasamningi aðila hækka um 3,5%. Er það ofan á hækkunir sem komu til framkvæmda 1.1.2023 og 1.4. 2023.

b. Hinn 1. október 2023 greiðist eingreiðsla kr. 225.000 fyrir hvern starfsmann m.v. fullt starf á tímabilinu maí til júní 2023 og hlutfallslega fyrir minna starfshlutfall.

2. Persónuuppbót (desemberuppbót) og orlofsuppbót

Orlofsuppbót verður á samningstímanum sem hér segir:

Á árinu 2023 kr. 56.000

Persónuuppbót (desemberuppbót) verður á samningstímanum sem hér segir:

Á árinu 2023 kr. 119.700


3. Félagsmannasjóður: Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í félagsmannasjóð frá 1. september 2023, sem nemur 1,0% af heildarlaunum félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum, sem gilda fyrir sjóðinn.

4. Fyrirvari um samþykki


Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsfólks Eflingar og stjórnar Faxaflóahafna. Samningsaðilum ber að tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en kl. 16:00 þann 27. september 2023. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

Dags. 20. September 2023.

F.h. Faxaflóahafna sf.
með fyrirvara um samþykki stjórnar



Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri

F.h. Eflingar stéttarfélag
með fyrirvara um samþykki félags
manna.


Þorsteinn Eiríkjósson

Bókun

Samkomulag er um að leiðrétta orlofsuppbót um 0,2% af heildarlaunum hvers starfsmanns frá upphafstíma kjarasamningsins sem var undirritaður þann 26. nóvember 2015. Reiknuð verða fjögur ár skv. heildarlaunum hvers starfsmanns. Eldra tímabil verður gert upp með eingreiðslu, sem byggir á meðaltali allra starfsmanna.


P. F.
